



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Veitnanefndar 4. fundur

Fundur að Hlíðavegi 6, 11. desember 2003 kl: 10:30

Mættir: Áslaugur Haddsson, Kristján Steingrímsson, Yngvi Ragnar Kristjánsson, nefndarmenn. Jafnframt sat Úlfar Sæmundsson fundinn. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Gjaldskrársetning í samræmi við lög og reglugerðir.

Eftirfarandi var m.a. fært til bókar á sveitarstjórnarfundum hinn 30. okt. s.l.:
“Á dögunum birtist frétt í Morgunblaðinu þar sem fram kom að Hitaveita Reykjahlíðar væri með dýrustu hitaveitum landsins samkv. útreikningum Orkustofnunar. Sveitarstjóri hafði þegar samband við Orkustofnun þar sem útreiknaður kostnaður stofnunarinnar var ekki í nokkru samræmi við útsenda reikninga hitaveitunnar. Við nánari athugun kom í ljós að Orkustofnun studdist við gjaldskrá frá 1991. Síðan þá hefur gjaldskráin verið lækkuð, síðast í ársbyrjun 1997. Hins vegar mun hafa láðst að fara rétt að um birtingu gjaldskrána og þarf þar úr að bæta. Hitt er ljóst að enginn notenda veitunnar hefur orðið fyrir tjóni þar sem um lækkanir hefur verið að ræða. Eftir að Orkustofnun hafði fengið réttar upplýsingar breyttist myndin verulega hvað Hitaveitu Reykjahlíðar varðar og fleiri veitur jafnframt.”

Í ljósi þeirrar bókunar sem lesa má hér að framan er ljóst að birta verður gjaldskrá hitaveitu með lögformlegum hætti. Veitnanefnd og sveitarstjórn verða að samþykkja gjaldskrána sem síðan er send iðnaðarráðherra til staðfestingar og loks birt í Stjórnartíðindum.

Sú gjaldskrá sem lögformlega er í gildi var sett 1991. Síðan þá hefur gjaldskrá verið breytt þrisvar, ávallt til lækkunar, síðast 1997 og innheimt hefur verið eftir henni. Auk þess var tekin upp svokölluð 25% regla 1994.

Eftirfarandi tillaga að gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar er lögð fram á fundinum:

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- a) Fyrir vatn 80° C og heitara greiðast..... kr. 62,93
- b) Fyrir vatn 70°- 79° C greiðast.....kr.50,35
- c) Fyrir vatn 69°C og kaldara greiðast.....kr.37,76

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka þar sem einstakar heimtaugar eru það langar að ætla má að um verulega kólnun sé að ræða í þeim.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- a) Fyrir mæli allt að ¾” kr. 550,-
- b) Fyrir mæli 1” – 2 “ kr. 1.100,-
- c) Fyrir mæli 3” og stærri kr. 2.200,-

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestratíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 500,-

Gjalddagi hitaveitugjala er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

6. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús 400 – 2000 m ³ :	
Fyrir 400 m ³	kr. 101.381,-
og fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m ³	kr. 87,59
Hús stærri en 2000 m ³	kr. 241.911,-
og fyrir hvenr rúmmetra umfram 2000 m ³	kr. 70,14
öll gjöld í þessari grein miðast við utánmál húsa.	
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er	kr. 13.463,-

Lóðarhafar greiða auk heimtaugargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk kr. 1.004,-
í hvert skipti.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heyburrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtak á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 8. janúar 1991.

Veitnanefnd samþykkir samhljóða að leggja til að sveitarstjórn samþykki framangreinda gjaldskrá og sendi hana til staðfestingar iðnaðarráðuneytis og birtingar í Stjórnartíðindum.

Vakin er sérstök athygli á að með þessari gjaldskrá fellur 25% reglan úr gildi og telur veitnanefnd nauðsynlegt að kynna viðskiptavinum veitunnar það bréflega.

Þá er og vakin athygli á að vísitala neysliverðs án húsnæðis hefur hækkað um liðlega 20% frá því gjaldskrá sú sem hér fer á undan var ákveðin. Þannig hefur kostnaður húseigenda vegna hitaveitu í raun lækkað um liðlega 20% þegar litið er til kaupgjalds og verðlags.

2. Umsókn Baðfélagsins um tímabundna tengingu við hitaveitu.

Eftirfarandi beiðni barst 4. desember.

“Ég óska með skeyti þessu eftir að fá vatn tímabundið frá Hitaveitu Skútustaðahrepps til afnota á byggingasvæði Baðfélagsins sunnan Jarðbaðshóla.

Fyrirkomulag þessa gæti verið að tekinn yrði speni frá stofnlögn Hitaveitunnar og hann tengdur gegnum mæli við nýja hitalögn Baðfélagsins.

Áætluð vatnspörf á byggingasvæðinu er mjög lítil, einungis á að nota vatnið til bræðslu á snjó og vegna upphitunar á steypumótum í janúar og febrúar.

Rafmagn verður að mestu notað til upphitunar þeirra húsa sem eru í byggingu.

Gert er ráð fyrir að í byrjun mars þá megi loka fyrir þessa tengingu þegar Landsvirkjun hleypir borholuvatni á lögnina.

Mjög mikilvægt er að fá svar við því hvort þessi "hitaveitutenging" er möguleg hið fyrsta því fljótlega þarf annars að tæma nýju lögnina og ganga frá fyrir veturinn.

Ef þetta getur gengið þá bið ég ykkur um að hafa samband við Egil Sigurðsson í Kröflu um fyrirkomulagið en hann og Ásgeir Kristjánsson hjá Grím á Húsavík eru manna fróðastir um þetta mál.”

Fyrir hönd Baðfélagsins

Jóhann F. Kristjánsson

Ljóst er að til að verða við erindinu þarf að leggja um 70 – 80 metra lögn frá úrtaki stofnæðar að Skiljustöð 2 í Bjarnarflagi.

Veitunefnd samþykkir að Hitaveita Reykjahlíðar geri úttak úr stofnæð og setja upp rennismæli, en Baðfélaginu verði boðið upp á að annast lögn að Skiljustöð 2.

Hitaveitan áskilur sér rétt til takmörkunar á því vatnsmagni sem um lögnina fer. Baðfélagið og umsjónarmaður hitaveitu skulu hafa samráð um þær takmarkanir.

Komið hefur fram í máli forsvarsmanna Baðfélagsins að venjan sé að framkvæmdaaðilar fái heitt vatn gjaldfrjálst á byggingartíma.

Þegar svo hefur verið er um verðandi viðskiptavinum veitunnar að ræða.

Baðfélagið hefur þegar skýrt frá að það muni ekki verða viðskiptavinur hitaveitunnar, a.m.k. ekki fyrst um sinn.

Því leggur

veitnanefnd til að gjald verði tekið fyrir þessa notkun.

Í þessu sambandi skal vakin athygli á 3. gr. reglugerðar nr. 432 1985 sem hljóðar svo:

Einkaleyfi.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni á byggðasvæðinu frá Reykjahlíð að Álftagerði og frá Reykjahlíð að Grímsstöðum í Mývatnssveit með þeim takmörkum sem um getur í 10. og 12. gr. samnings við eigendur Reykjahlíðajarðar, logs. 14. mars 1971 og 9. og 11. gr. samnings við landeigendur í Vogum, logs. 4. maí 1971.

3. Önnur mál.

Sveitarstjóri upplýsti að hann hefði átt í óformlegum viðræðum við

Landsvirkjun um að Landsvirkjun tækist á hendur rekstur

Varmaskiptistöðvarinnar eftir nánara samkomulagi sem þar yrði um gert.

Veitnastjórn leggur til að sveitarstjóri haldi þessum viðræðum áfram og leggi drög að samningi fyrir stjórnina við fyrsta tækifæri. Jafnframt kom fram að umsjónarmaður hitaveitu hefur ekkert við málsmeðferðina að athuga.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Áslaugur Haddsson

Yngvi R. Kristjánsson

Kristján Steingrímsson